

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hvaða rök liggja til grundvallar viðmiði um 3,5% ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða, sbr. 19. og 20. gr. í reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með áorðnum breytingum?
2. Hvaða tryggingafræðilegu úttektir eða rannsóknir lágu til grundvallar 3,5% viðmiði í upphafi? Hefur viðmiðið sætt endurskoðun frá því að reglugerðin var sett?
3. Hafa farið fram rannsóknir á almennum efnahagslegum áhrifum 3,5% viðmiðs, þ.m.t. á vaxtastig?
4. Hvernig hefur lífeyrissjóðunum gengið að uppfylla 3,5% viðmiðið?
5. Hvaða efnahagslegu áhrif hefði lækkun viðmiðsins um 0,5%, 1% og 1,5%:
  - a. á greiðslu lífeyris í dag, eftir 10 ár og eftir 20 ár,
  - b. á lífeyrisgreiðslur í dag til meðallífeyrisþega (karls annars vegar og konu hins vegar) í a) almennum lífeyrissjóði, b) lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins,
  - c. á fjárhag ríkissjóðs?
6. Er ástæða til að endurskoða núverandi viðmið um ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna?

Skriflegt svar óskast.